



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akranesi 24.3.2022

Tilvísun: V202203007

## Efni: Umsögn Landmælinga Íslands við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.).

Þann 10. mars sl. barst Landmælingum Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o.fl.). Meðfylgjandi er umsögn Landmælinga Íslands um frumvarpið.

Landmælingar Íslands fagna þeim tillögum sem lagðar til í III kafla frumvarpsins og varða breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001 og snúa að hnitsetningu á merkjum fasteigna. Í nútímasamfélagi eru ákvarðanir í auknu mæli teknar með aðstoð kortagagna og eru eignarmörk landeignaskráar mjög mikilvæg grunngögn fyrir slíkar ákvarðanir.

Varðandi 6. gr. c. þá vilja Landmælingar Íslands benda á að í öllum löndum sem Ísland miðar sig við eru mælingar eignamarka eingöngu framkvæmdar af löggildum mælingamönnum og sýnir það m.a. mikilvægi þess að sett verði reglugerð um mælingar á eignarmörkum lands eins og lagt er til í umræddum tölulið. Mikilvægt er að Landmælingar Íslands, sem fagstofnun, komi að gerð slíkrar reglugerðar.

Í 6. gr. e. er einnig vikið að því að viðurkennd mælingatæki skulu vera skv. leiðbeiningum frá Landmælingum Íslands. Landmælingar Íslands telja að heppilegra sé að nota hugtakið viðurkenndar mælingaaðferðir. Það hugtak felur í sér val á mælingatækjum og hvernig þau eru notuð til þess að ná fram þeim nákvæmniskröfum sem settar eru fram í greininni. Einnig er nauðsynlegt að gerð þessara leiðbeininga sé í samhengi við reglugerð þá sem nefnd er í 6. gr. c. og gætt sé að því að útfærsla þessarar greinar gæti haft í för með sér aukin útgjöld fyrir stofnunina.

Í 6. gr. f. lið væri réttara að tala um land ofan þess svæðis þar sem áhrifa sjávarfalla gætir frekar en þurrlendi. Einnig benda Landmælingar Íslands á að hentugt gæti verið að þessi lína væri óumdeild og viðhaldið með reglubundnum og samræmdum hætti. Þar væri t.d. hægt að nota strandlínu IS 50V.

*Gunnar H Kristinsson*  
Settur forsjóri Landmælinga Íslands